

## **Bókun Framsóknar og frjálsra vegna fjárhagsáætlunar Akraneskaupstaðar fyrir árið 2024 og vegna tímabilsins 2025 - 2027**

Starf bæjarfulltrúa byggir á samvinnu, samvinnu við aðra kjörna fulltrúa, íbúa, atvinnulífið, ríkisvaldið og aðra hagaðila. Það er gefandi og lærdómsríkt þegar vel gengur en ekki síður þegar gefur á bátinn.

Sú fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun sem nú er til afgreiðslu er gott dæmi um samvinnu. Áætlunin er metnaðarfull en í henni er líkt og síðustu ár lögð megin áhersla á áframhaldandi innviðaupbyggingu helstu grunnstoða samfélagsins og er hún því í takt við þær áherslur sem Framsókn og frjálsir hafa talað fyrir. Þar ber þar helst að nefna:

- Endurbætur og stækkun á Grundaskóla
- Endurbætur á fyrstu hæð Brekkubæjarskóla.
- Íþróttahús við Jaðarsbakka
- Endurbætur á sal íþróttahússins við Vesturgötu
- Samfélagsmiðstöð, en skv. áætlun er ráðgert að bjóða út byggingarrétt árið 2025 og að framkvæmdum verði lokið árið 2027.
- Bygging íbúðakjarna í Skógarhverfi.
- Uppbygging á Jaðarsbökkum til að styrkja svæðið til heilsueflingar og útivistar m.a. með endurbótum á aðalvelli og stúku, ný innisundlaug og uppbygging æfingarsvæðis.
- Gatnagerð í nýjum hverfum ásamt endurbótum í eldri hverfum.
- Bygging hefst á nýjum leikskóla á Neðri Skaga á tímabilinu 2026-2028.

Árið 2021 ákvað bæjarstjórn að farið yrði í úttekt á rekstri og stjórnarsýslu kaupstaðarins með aðstoð KPMG, **markmiðið var að stuðla að sjálfbærni í rekstri bæjarfélagsins.** Þegar ársreikningur ársins 2022 var lagður fram hvöttu bæjarfulltrúar Framsóknar og

frjálsra meirihluta Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar til þess að vinna á grunni úttektarinnar og er sú vinna að hefjast að nýju, sem er góð ákvörðun og jafnframt mjög mikilvæg í ljósi erfiðrar rekstrarstöðu sveitarfélagsins. **Það er ljóst að það þarf að gera betur, miklu betur. Að bíða og sjá hvort birti til um síðir er ekki ásættanlegt.**

Framlegðarhlutfall ársins er undir viðmiðunarmörkum líkt og á síðasta ári og á það hefur Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitafélaganna bent. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir því að hlutfallið muni ekki vænkast fyrr en við lok áætlunarinnar 2027. Ljóst er að þetta gefur því miður ekki góða mynd af greiðsluhæfni sveitafélagsins. Þá er launahlutfall Akraneskaupstaðar enn og aftur með því hæsta sem þekkt meðal sveitarfélaga og gjöld halda áfram, líkt og á síðasta ári, að vaxa umfram tekjur. Á þessari neikvæðu þróun þarf að taka á þegar í stað.

Mikilvægt er að lagt verði kapp á að hækka tekjur umfram kostnað, öfugt við þá þróun sem verið hefur á þessu kjörtímabili. **Því er mikilvægt að ráðast strax í hverskonar aðgerðir sem stuðlað geta að sjálfbærni í rekstri kaupstaðarins sem fyrr segir, annars liggur það ljóst fyrir að sú framkvæmdaráætlun sem nú er til umræðu verður aldrei meira en metnaðarfullir draumar á blaði.**

Hlutverk okkar kjörnu fulltrúa er að tryggja ábyrga fjármálastjórnun. Okkur ber skylda til þess að gera það sem í okkar valdi stendur til þess að viðhalda stöðugleika í fjármálum kaupstaðarins, sýna skynsemi og varkárni í útgjöldum og stuðla sem fyrr segir að sjálfbærni í rekstri verði náð.

Tækifærin eru svo sannarlega til staðar. Metnaðarfull innviðauppbygging síðustu ára og áætlun næstu ára, ætti að tryggja það að kaupstaðurinn sé í stakk búinn að takast á við töluverðan vöxt, á sama tíma og þjónusta við núverand íbúa sé tryggð. Áframhaldandi áhersla á gatnagerð í nýjum hverfum þrátt fyrir að tímabundið hafi dregið úr eftirspurn eftir lóðum skapar svo bæjarfélaginu ákveðna sérstöðu þegar litið er til framboðs lóða og uppbyggingu innviða í þeim sveitarfélögum sem við helst berum okkur saman við.

Bæjarfulltrúar Framsóknar og frjálsra kölluðu eftir því að mótuð yrði heildarstefna fyrir Akraneskaupstað. Meirihlutinn svaraði því kalli og fyrir það erum við þakklát. Nú hillir undir að þeirri vinnu ljúki á allra næstu vikum. Skýr stefna er eitt af lykilforsendum framfara. Fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar 2024-2027 sem við ræðum hér í dag talar beint inn í stefnuna. Með öflugri og lifandi stefnumörkun, skýrari forgangsröðun verkefna í takt við fjárhagslega getu sveitarfélagsins á hverjum tíma tryggjum við samfélagslega velsæld, stöðugan rekstur og sjálfbæra uppbyggingu til framtíðar.

Ragnar Sæmundsson (sign)

Liv Aase Skarstad (sign)

Sædis Alexía Sigurmundsdóttir (sign)

*Liv Aase Skarstad*  
*Sædis Alexía Sigurmundsdóttir*  
*Ragnar Sæmundsson*